

Sveitarfélagið Hornafjörður
Bryndís Bjarnarson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 13. desember 2021
UST202111-180/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Skaftafell III og IV – Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis stjórnslu- og upplýsingafulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar ferðaþjónustu við Skaftafell III – IV.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 42,1 ha svæðis þar sem heimilt er að byggja samtals 35 hús á svæðinu sem hvert um sig getur verið 40 m² að grunnfleti eða samtals 1.400 m². Auk þess kemur fram að 10 hús mega vera frístundahús án fastrar búsetu. Einnig gerir tillagan ráð fyrir aðkomuvegi, bílastæðum, mönum, skjólveggjum, gróðri og fráveitu.

Ásýnd

Í umhverfisskýrslu um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem var samþykkt 16. apríl 2020 er talið að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins þar sem svæðið er flatlent og muni jafnvel hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið.

Umhverfisstofnun tekur undir það og telur stofnunin mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur er en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: *„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

Birki

Í greinargerð segir að á síðustu árum hefur sjálfsáíð birki náð sér vel á strik og hæstu trjáplönturnar eru nú um 3 m háar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir, eins og val á staðsetningu vega, bílastæða og bygginga, raski ekki náttúruskögum eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógurinn á Skeiðarársandi er sérstæður á margan hátt¹, en unnin hefur verið rannsókn á framvindu birkis á Skeiðarársandi nær Gígjukvísl².

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruþyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef birkið sem er innan skipulagssvæðisins fellur undir 61. gr. laganna sé mikilvægt að fjallað sé um það í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruþyrirbæri sem verða fyrir röskun.

¹ <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/birkid-a-skeidararsandi-er-ur-baejarstadaskogi>

² <https://timarit.is/page/4257120#page/n54/mode/2up>

Gróður

Í greinargerð segir að æskilegar trjátegundir til plöntunar í og við hús eru íslenskar tegundir svo sem birki, reynir, einir, gulvíðir og loðvíðir. Hafa skal samráð við Vatnajökulsþjóðgarð um annað plöntuval.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sett séu skilyrði varðandi val á plöntum á svæðinu í samráði við Vatnajökulsþjóðgarð.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur